

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. ágúst 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-77/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 15. september 2016 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á fartölvu af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir hleðslusnúru fartölvunnar gallaða og krefst þess að seljandi hegði sér í samræmi við lög nr. 48/2003 um neytendakaup er varðar lögbundna tveggja ára ábyrgð. Þá krefst hann þess að seljandi greiði sér skaðabætur vegna kaupa á nýrri snúru.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 16. september 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 10. október 2016. Hinn 17. október voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Hann nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdir hans þann 18. október 2016. Þann 15. nóvember 2016 voru athugasemdir álitsbeiðanda sendar til seljanda og honum veittur kostur á frekari andsvörum. Hann nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á fartölvu af gerðinni Asus þann 5. ágúst 2015 fyrir 47.995 krónur. Hleðslusnúra fartölvunnar skemmdist innan við ári eftir að fartölvun var keypt á þann hátt að slit fóru að myndast á endum snúrunnar og vírar að standa þar út. Að sögn álitsbeiðanda er ágreiningur málsins um það hvort snúran sem fylgir tölvunni eigi að endast út „tveggja ára endingartímann“. Seljandi segist ekki ábyrgjast slit á snúru eins og í tilfelli álitsbeiðanda en álitsbeiðandi telur slitin dæmigerð um það þegar vara gefur sig eftir eðlilega notkun. Þá segir álitsbeiðandi að seljandi telji eðlilegt að slit myndist á endum slíkrar snúru vegna álags og t.a.m. geti þau komið ef snúran er vafin utan um hleðslutækið eða snúran sé ekki vafin og hnútar myndist.

Seljandi hafnaði því að bera ábyrgð á skemmd snúrunnar en bauð álitsbeiðanda afslátt við kaup á nýrri snúru þess í stað en álitsbeiðandi féllst ekki á það. Álitsbeiðandi segir ekkert eðlilegt við það að hleðslusnúra á fartölvu endist aðeins í eitt ár. Álitsbeiðandi gerði í upphafi eftirfarandi kröfur fyrir kærunefndinni:

„Undirritaður krefst þess að [seljandi] hagi sér í samræmi við neytendakaupalögin og reyni ekki að fella slit vegna eðlilegra nota neytenda undir ábyrgð sem sérstaklega þarf að kaupa.“

Óskaði kærunefndin eftir nánari útskýringu á því hver krafa álitsbeiðanda væri á hendur seljanda. Í svari sínu upplýsti álitsbeiðandi um að krafa hans sé fyrst og fremst sú að viðurkennt verði að seljandi beri ábyrgð á snúrunni sem hann telur gallaða. Snúran gaf sig endanlega þegar málið var til meðferðar hjá nefndinni og varð álitsbeiðandi því að festa kaup

á nýrri hleðslunúru hjá seljanda fyrir 4.591 krónur. Krefst álitsbeiðandi endurgreiðslu á þeirri fjárhæð frá seljanda fyrir kæruneftndinni.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að hleðslunúran hafi verið í fullkomnu lagi þegar álitsbeiðandi fékk hana afhenta. Rúmlega ári síðar hafi álitsbeiðandi leitað til hans og þá voru snúrur straumbreytisins næstum slitnar í tvennt á tveimur stöðum. Slík slit, sem verði vegna notkunar og meðferðar á snúrunni, teljist ekki til galla og fellur því ekki undir ábyrgð seljanda að hans sögn.

Seljandi segist ekki vera í aðstöðu til að segja nákvæmlega til um það hvað hafi komið fyrir snúruna í fórum álitsbeiðanda en snúran hafi augljóslega þolað meðferð sem olli því að hleðslutækið varð ónothæft. Getur seljandi því ekki sagt hvort ástæðan sé sú að snúran var vafin utan um hleðslutækið, hnútar hafi myndast á snúruna eða nagelskandi gæludýr komist í hana. Þá segir seljandi rangt hjá álitsbeiðanda að hann hafi talið eðlilegt að slit myndist á endum snúrunnar vegna álags, enda sé vel hægt að ferðast með snúrur án þess að þær skemmist.

Seljandi hafnar því að skemmd á hleðslunúrunni falli undir ábyrgðarskilmála tölvunnar.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda tekur álitsbeiðandi fram að hann eigi engin gæludýr sem hafi valdið skemmdum á snúrunni. Þá hafi seljandi ekki getað svarað því hvernig eigi að ganga frá hleðslunúru á þann hátt að slit myndist ekki. Slit snúrunnar eru á þeim enda sem er sem næst tölvunni og ætti sá hluti að finna fyrir minnstu álagi vegna notkunar líkt og seljandi lýsir. Að lokum tekur álitsbeiðandi fram að seljandi eigi ekki að selja vörur sem endist ekki í meira en eitt ár sem er að hans sögn ástæðan fyrir „lögbundinni ábyrgð“ í neytendakaupalögum.

VI

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi fartölvu af seljanda þann 5. ágúst 2015 fyrir 47.995 krónur. Um það bil ári eftir kaupin var hleðslunúra fartölvunnar orðin sem næst ónothæf vegna slita á snúrunni. Álitsbeiðandi telur að snúran hafi verið haldin galla sem hafi verið á ábyrgð seljanda en seljandi segir að slit snúrunnar stafi af meðferð álitsbeiðanda.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 15. gr. segir m.a. að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. b-liður 2. mgr. ákvæðisins. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa við til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu.

Samkvæmt síðastgreindu lagaákvæði hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að hleðslunúran hafi verið haldin galla á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Seljendur söluhluta, þar á meðal seljendur tölvubúnaða, bera ábyrgð gagnvart kaupanda á göllum sem upp geta komið í söluhlutnum ef sannanlega er um galla að ræða samkvæmt nkpl. Sú ábyrgð tekur, í tilviki seljanda, bæði til sjálfrar fartölvunnar og nauðsynlegra fylgihluta eins og hleðslusnúru. Álitsbeiðandi kom með snúruna til seljanda um það bil ári eftir kaupin og var það innan tímamarka þess að seljandi gæti borið ábyrgð á galla snúrunnar ef galli hefur raunverulega verið til staðar við kaupin.

Það að seljandi hafi enn borið ábyrgð á mögulegum göllum í hleðslusnúrunni þegar hún hóf að bila, breytir því hins vegar ekki að meta þarf í hverju tilviki fyrir sig hvort söluhlutur teljist hafa verið haldinn galla við kaupin. Við það mat verður að líta til aldurs söluhlutarins, en umrædd hleðslusnúra hafði verið í notkun í eitt ár áður en álitsbeiðandi hafði uppi kröfu á hendur seljanda. Ekki er hægt að fullyrða um það hversu lengi slík hleðslusnúra eigi að endast og hlýtur endingartíminn raunar að fara eftir aðstæðum hverju sinni, meðferð hennar og notkun. Kærunefndin tekur að nokkru leyti undir það með álitsbeiðanda að umrædd hleðslusnúra hafði mun styttri endingartíma en hann mátti búast við þegar hann festi kaup á fartölvunni. Eiganda slíkrar tölvu á að vera kleift að pakka tölvunni og fylgihlutum hennar saman reglulega og ferðast með hana milli staða án þess að snúran taki að slitna líkt og í máli þessu.

Hins vegar verður einnig að fallast á það með seljanda að slit á snúrunni sé þess eðlis að það megi rekja til meðferðar á henni í forum álitsbeiðanda í heilt ár, enda ber snúran skýr ummerki um álag og snúning. Hefur álitsbeiðandi því ekki náð að sýna fram á það að hleðslusnúran hafi verið haldin galla við kaupin. Verður ekki annað séð, eins og máli þessu er háttað, en að umræddur galli sé sök álitsbeiðanda eða stafi af aðstæðum sem hann varða í skilningi áðurnefndrar 1. mgr. 26. gr. nkpl. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

VII Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson